

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt dags.	27.11.2017
Málalýkill	8.23
Mál nr.	1711262

Reykjavík 23. nóvember 2017


VARÐAR: MÓTTAKA OG FLOKKUN Á PLASTI TIL ENDURVINNSLU

Stjórn SORPU bs. ákvað á fundi sínum þann 12. maí sl. að komið yrði upp búnaði fyrir flokkun á plastpokum sem innihalda plastumbúðir frá heimilum frá almennum úrgangi sem fer í svokallaða Orkutunnu (gráu/svörtu tunnuna). Búnaðurinn verður settur upp á fyrstu vikum ársins 2018 og verður samkvæmt núverandi áætlunum kominn í gagnið í viku 7 (þ.e.a.s. um miðjan febrúar). Undirbúningur er hafinn að kynningu á verkefninu fyrir íbúa þeirra sveitarfélaga sem ætla sér að nýta þessa leið en slíka kynningu vill SORPA vinna í nánú samstarfi við sveitarfélögin. Óskað er eftir því að sveitarfélögin tilnefni tengilið kynningarmála, þannig að kynningin skili sem mestum árangri.

Ofangreind breyting mun ekki hafa áhrif á gjaldskrá fyrir móttöku úrgangs úr Orkutunnunni enda er gert ráð fyrir að endurgreitt úrvinnslugjald kosti þær breytingar sem SORPA hefur lagt í. Góður árangur getur hins vegar leitt til lækkunar á móttökugjaldi – því er mikilvægt að öll kynning sé markviss. Það plast sem þannig flokkast fer til endurvinnslu eins og annað það flokkaða plast sem SORPA tekur við.

Vinsamlega tilkynnið um tengilið á netfangið ragna.halldorsdottir@sorpa.is.

f.h. SORPU bs.


Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri

SAMRIT:

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Bæjarráð Garðabæjar
Bæjarráð Mosfellsbæjar
Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar

AFRIT:

Bæjarráð Kópavogs
Borgarráð Reykjavíkur